

275. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 6. maí 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

**Mættir:**

Kristín Björg Árnadóttir  
 Kristjana Hermannsdóttir  
 Björn H Hilmarsson  
 Rögnvaldur Ólafsson  
 Baldvin Leifur Ívarsson  
 Fríða Sveinsdóttir  
 Kristján Þórðarson  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að taka inn með afbrigðum sem 13. lið bréf frá Svani Tómassyni, dags. 28. apríl 2015, sem 14. lið bréf frá LSS, dags. 30. apríl 2015, og sem 15. lið bréf frá reiðskemmunefnd Hesteigendafélagsins Hrings, dags. 3. maí 2015. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**


1. **Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans – seinni umræða.**  
 Endurskoðendur Snæfellsbæjar, Jónas Gestur Jónasson og Kristinn Kristófersson, mættu á fundinn og voru þeir boðnir velkomnir. Gerðu þeir grein fyrir helstu atriðum ársreikningsins, ásamt því að fara yfir samamburðartölur milli sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Viku þeir að því loknu af fundi og var þeim þökkun koman.  
 Bæjarstjórn samþykkti samhljóða ársreikning Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2014 og voru þeir undirritaðir.
2. **Fundargerðir 260. og 261. fundar bæjarráðs, dags. 19. mars og 14. apríl 2015.**  
 Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
3. **Fundargerð 149. fundar Félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 7. apríl 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
4. **Fundargerð 126. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 27. apríl 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
5. **Fundargerð 18. aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 25. mars 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
6. **Fundargerð 18. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 13. apríl 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerð 374. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 10. apríl 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.
8. **Ályktanir aðalfundar Búnaðarfélagssveitar, dags. 1. apríl 2015.**  
 Tilmælum Búnaðarfélagssveitar um umhverfisátak og sorpmál var vísað til tæknideildar. Bæjarstjóra var falið að ræða snjósmokstursmál við Vegagerðina. Að öðru leyti voru ályktanirnar lagðar fram til kynningar.
9. **Bréf frá Jeratúni ehf., dags. 18. mars 2015, varðandi hlutafjárútkningu 2015.**  
 Bæjarstjórn samþykkti samhljóða hlutafjárútkningu í Jeratúni ehf. að upphæð kr. 7.920.000.- fyrir árið 2015, enda er gert ráð fyrir slíku í fjárhagsáætlun ársins, með fyrirvara um samþykki aðalfundar Jeratúns ehf.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including "FS", "JP", "KBT", and others.

10. **Bréf frá Gunnari Hjartarsyni, dags. 20. apríl 2015, varðandi skipuní örnefnanefnd.**  
Bæjarstjórn þakkar erindið og telur hugmyndina afar áhugaverða. Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa erindinu til nánari útfærslu hjá Áttthagastofu Snæfellsbæjar.
11. **Bréf frá Sýslumanni Snæfellinga, dags. 9. júní 2014, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Heilsu og útivistar ehf., um leyfi til að reka veitingastað í flokki II, kaffihús, Traðarkaffi, að Tröðum í Snæfellsbæ.**  
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Heilsu og útivistar ehf. um leyfi til að reka kaffihús, Traðarkaffi, að Tröðum í Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkvilið Snæfellsbæjar og umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar gefi einnig jákvæða umsögn.
12. **Bréf frá Sýslumanni Snæfellinga, dags. 30. apríl 2015, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Stekkjarans ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki III, gistiheimilið Við hafid, að Ólafsbraut 55 í Snæfellsbæ.**  
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umsókn Stekkjarans ehf. um leyfi til að reka gistiheimilið Við hafid að Ólafsbraut 55 í Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkvilið Snæfellsbæjar og umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar gefi einnig jákvæða umsögn.
13. **Bréf frá reiðskemmunefnd Hesteigendafélagsins Hrings í Ólafsvík, dags. 3. maí 2015, varðandi styrk til byggingar á reiðskemmu.**  
Bæjarstjórn samþykkti með 6 atkvæðum að veita umbedinn styrk að upphæð kr. 10.000.000.- og mun liðurinn 27-11 lækka um sömu upphæð. Styrkurinn er veittur með fyrirvara um staðfestingu á kaupum á skemmuni og leyfi umhverfis- og skipulagsnefndar fyrir staðsetningu á henni. Kristján sat hjá.
14. **Bréf frá Svani Tómassyni, dags. 28. apríl 2015, varðandi uppsögn á starfi sem slökkviliðs- stjóri Snæfellsbæjar.**  
Bæjarstjórn þakkar Svani gott og fórnfúst starf í þágu slökkviliðs Snæfellsbæjar og sem slökkviliðs- stjóri síðastliðin 10 ár. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn samhljóða ósk Svans um að fá að láta af starfi slökkviliðsstjóra nú þegar. Varaslökkviliðsstjóri mun gegna starfi slökkviliðsstjóra tímabundið þar til nýr verður ráðinn.
15. **Bréf frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 30. apríl 2015, varðandi slökkvilið Snæfellsbæjar.**  
Bæjarstjóri gerði grein fyrir því að málinu yrði vísað til samningarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
16. **Minnispunktur bæjarstjóra.**  
a) Rætt um Færeyjafærð.  
b) Starfsmannamál.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30


  
Kristín Björg Árnadóttir


  
Kristjana Hermannsdóttir


  
Baldvin Leifur Ivarsson





  
Björn H Hilmarsson

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Rögnvaldur Ólafsson

  
Kristján Þórðarson

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari